

Hví hefir Öðinn --

(Frh. frá 3 bla.)

raða. Þessar tungur eru, germanska eða gotneska og þau mál er af henni eru komin, svo sem þýska, skandinavíska málin, þar með talin íslenska og hollenska og enska; þá latneska og mál henni venzlað, eins og franska, spænska og ítalska. Einnig slavneska eða rússneska og Bulgaramál. Þá keltneska, gríska og Albanamál, armenska, persneska, baltíska eða Litáa-mál, sanskrit og önnur indversk mál af henni komin. Arísku tungurnar ná því yfir mestan hluta Evrópu og austur til Indlands. Eru þær einnig nefndar ind-evrópska; en réttara þykir þó að kenna þær við Ária-þjóðflokkin.

A hverju byggja þú málfræðingar þessa flokkun? Þeir þykja hafa fundið svo mörg orð í öllum þessum málum, sem komin séu af einni og sömu rót, að ættartengslin verði ekki rengd. Einnig virðast þjóðirnar, sem þau tala, hugsa mjög svipað um hlutina og birta því huganir sínar með líkum hætti. Málfræðin er einnig eftir sömu reglum sniðin hjá þeim. Til þess að benda á skyldleika orða af rót þeirra, nægja að bera orðin *faðir* og *móðir* á íslensku, saman við þessi orð á nokkrum öðrum málum; en þau verða á ensku *father*, *mother*, þýsku *vater*, *mutter*; latínu *pater*, *mater*, grísku *pater*, *meter*, frönsku *père*, *mère*, armensku *hair*, *mair*, sanskrit *pitar*, *matar*, o. s. frv. Breyting orðanna er oft ekki í öðru fölginn en því, að *f* í germönskum málum verður *p* í þeim latnesku. En annars er við samanhæfð málanna farið eftir föstum reglum er kendar eru við Grimm (Grimms-reglur) og gerðar eru af mikilli nákvæmni. Svo ölk sem þessi mál virðast nú samt yfir leitt vera, eru þau þó öll af einu og sama máli upprunalega komin. Þó tungurnar auðgisti sífellt af nýjum orðum og þar af leiðandi breytist, er ávallt hægt af eldri orðum málsins að sjá skyldleika þeirra við aðrar tungur.

En hvert er nú frummálið, sem öll þessi mál eru runnin af? Það er ætun manna, að mjög snemma á öldum eða fyrir hér um bil 6000 árum, hafi menn hafst við í Mið-Evrópu og vesturhluta Asíu, sem eitt mál hafi að mestu talið. Og þeir menn hafa verið nefndir Ariar. Ef til vill er það sama orðið og Iran. Iráner eru ein grein þessa þjóðflokks nú, svo það mál til sanns vegar færa.

Ária-tungan var talmál á árunum 4000—3000 f. K. En það er mjög seint eða eftir hina seinni steinöld. Er málið þá orðið svo þroskað, að það hefir einföldustu málfræðismyndir svo sem nafnorð, sagnorð o. s. frv. Þer það vott um þroska þeirra, er málið töluðu.

Semítískur tungurnar.

Semítískur tungurnar eru önnur tungumálgræin. Þær eru hebreiska, arabíska, sýrlandíska, fornma, Fönika, Assýríska og Babyloníumanna og mál Abyssínía. Rætur að orðum í þessum tungum verða ekki fundnar í Áriamáli né öðrum frummálum. Huganir sínar birta Semítar einnig á annan hátt en Ariar og málfræði þeirra er á öðrum og öðlukum grundvelli reist. Semítar tungan virðist því upphaflega hafa orðið til hjá mönnum, sem ekkert höfðu saman við Ária að selda. Seinna, er kemur fram á þá tíma er sögur fara af, eiga þó Ariar og Semítar iðulega viðskifti saman og ófriður ris oft upp milli þeirra. Þá hafa þessir þjóðflokkar mikið samán að selda. En tunga Semítanna ber það með sér, að þjóðflokkarnir hafa áður, eða við byrjun nýrrar steinaldar, lifað í tveim öðlum heimum og afskildir með öllu. Þjóðernislega eru Semítar taldir af Kákasuskyni, eins og Ariar. En Kákasuskynflokkurinn er einn af fjögurum aðal flokkum, er mannkynið er greint í, svo þar eru ættartengslin eðlilega sött langt að. Ária er Norður-álfbhlutinn (The Nordic) á þeim mikla ættabæmi, en Semítar og Hamítar sublagari hluti hans, er bæði fyrir sunnan og fyrir botni Miðjarðarhafins bjó. Hið upprunalega heimkynni Semíta, hefir að líkindum ver-

ð Suður-Arabía eða jafnvel Abyssínía í Austur-Afríku, því þar ætla menn að Ásia hafi eitt sinn verið á föst Afríku.

Hamítískur tungurnar.

Þriðja grein tunganna eru Hamítískur tungurnar. En ekki þykir sú grein tungna eins ákveðin og augljós, sem hinar tvær áminstu. Hamítískur tungurnar eru mjög margar og innbyrðis ólíkar. Það eru arísku og semítískur tungurnar ekki. Þess hefir verið getið til af sumum, að Semíta-tungan sé ein af hinum breytilegu hamítískum tungum. Þann skyldleika má ef til vill hugsa sér, á sama hátt og megn ætla fugla að hafa þróast frá vissri tegund af eðlum. Og sumir hafa jafnvel freistast til að ætla Áriu-tunguna einnig af hamítískum uppruna, þó litlar séu líkurnar fyrir því, enn sem komið er, og enda óþarflaga langt seilt til, því til sönnunar, því fleiri þúsund ára hafa þjóðirnar afskildar verið. Hamítar eru, eins og áður var víkið að, af Kákasuskyni. Til þessar greinar heyrja þessar tungur: forn-egyptíska, Kopta-mál, Berbera-mál (þar með talda Maskeð- og Tarek-manna tungur og fleiri mál í fjöllum Norður-Afríku), etiópíska og mál henni skyld, svo sem Galla-mál (ekki Galíziu-manna, sem hér er stundum kallað því nafni, en er af slavnesku komið) og Somali-mál o. fl. Aðalheimkynni hamítísku málanna hefir verið meðfram Miðjarðarhafinu að sunnan og fyrir vestan Raðahaf. Raðahafsið var miklu stærra á Pleistocene-tímabilinu en nú og hefir afskilið Hamítar frá Semítum, sem fyrir austan það voru. Raðahafsið náði þá vestur fyrir Suez-eyðis og mikið af lægra Egyptalandi var þá í sjó. En eigi að síður eru álfurnar tengdar saman með eðli þessu löngu fyrir og t. d. franska og þýska. En allar tveir frumtungur, hamítíska og Semítíska, hafa því náð um langt skeið saman, ekki aðeins um Suez-eyðis, heldur einnig um Arabíu og Abyssíníu.

Hamítísku málin gátu þó eigi náð til Evrópu, því greiðari vegur var þangað frá Norður-Afríku. Fyrirum en nú, þar sem bæði Italia og Spánn hafa að öllum líkindum verið áföst Suður-Álfuminn. Þessar þrjár frumtungur, Hamítar, Semítar og Ária-tungur hafa allar eitt sameiginlegt, sem önnur mál hafa ekki, en það er kyn í málfræðinni. En að það eitt geti skobast sem órækur vottur um skyldleika tunganna, er málfræðinga einna að skera úr. Sönnunin fyrir því, að þessir mannflokkar hafi um langt skeið fyrir þá tíma er sögur eru ritaðar verið afskildir, er góð og gild eftir sem áður.

Ária- og Semíta-þjóðflokkarnir eru eins og tungur þeirra, heilsteypari, en Hamítarþjóðflokkurinn

Ural-altískur tungurnar.

Fjórða grein tunganna ber nafnið ural-altískur tungurnar. Eru það mál Lappendinga, Samóða í Siberíu, Finnendinga, Magýara (Ungverja), Tyrkja eða Tartara, Mantýska og Mongóla. Þessi tungumálaflokkur hefir enn ekki verið nægilega rannsakaður af Evrópumönnum, til þess að geta um það sagt með vissu, hvort að mál Koreumanna og Japa skuli með honum teljast. Málfræðingur nokkur, Hulbert að nafni, hefir gefið út samanhæfð málfræði á tungu Koreumanna og tungu Dravíðanna á Indlandi til þess að sjá skyldleika þessara mála. Þykir málfræðingum bók sá merkileg. Annars eru bæði mál Japa og Koreumanna talin heyrir til þessum tungum, þó hvortveggja séu mjög blönduð kínversku, og hún sé að mestu leyti ritmál beggja þjóðanna.

Kínverska.

Fimta grein tunganna er kínversk; en henni skyldar eru síamska og tibetanska o. fl. mál. Eru þessar tungur eins atkvæðis-mál, og svo ólíkar vestlagari málum öllum sem framat má verða. Í Pekingmálinu í Kína eru aðeins um 420 frum-einsatkvæðis orð, og má af því ráða hve margt hvert þeirra verður að tákna. Og sú mismunandi þýðing á sér stað ýmist með því, að orðið er lengt eða

það er sagt með vissum hrein í röddinni. Skipun þessara orða í setningu er með öllu ólík setningaskipun í öðrum málum. Og eins er með málfræðina. Segja menn að hún geti ekki málfræði heitið, borin saman við reglur þær, er málfræði grundvallast á í öðrum málum. Um bókstaflega þýðingu á kínversku yfir á evrópsk mál er því ekki að ræða, né af Evrópumálum á kínversku. Sjálf hugsunin er með alt öðrum hætti. Heim-speki Kínverja hefir verið Evrópumönnum lokað bók, vegna þess hve gersamlega ólíkt þeim þeir birta hugsanir sínar, og hið sama verður uppi á teningi, er Kínverjar ætla að kynna sér evrópsk fræði.

Indíána-tungurnar.

Sjötta grein tunganna er Indíána-málin í Ameríku. Skifta þau fleiri hundruðum, og verið ekki óhugsalegt að sum þeirra væru talsvert fjarskyld. En þrátt fyrir fjöldann, virðast þau ólík málum þeim, er í öðrum álfum þeru töluð. Þau eru langstærsti tungumálaflokkurinn sem til er. Mál Eskimóa er talið með þessum tungum.

Svertíngja-tungurnar.

Sjöunda grein tunganna eru Svertíngja-málin í Afríku. Hin helstu þeirra eru Bantúamál, svo tungur þær sem talaðar eru í Súdan og Núbíu. Bantú-tungan, ásamt fjölda annara tungna, er þessum flokki heyrir til, eru talaðar meira og minna um alla Afríku fyrir sunnan Miðjarðarlinu. Svertíngjarnir í Bandaríkjunum eru sagðir af Súdanmanna-ætt flestir.

Dravída-tungurnar.

Tungur þær, af þessu forn mál er komnar, eru 12 talins og nokkrar málýrur auk þess. Þær eru talaðar af 3 milljónum manna ennþá á Suður-Indíandi. Er mælt að tungur þessar séu eins ólíkar innbyrðis, og t. d. franska og þýska. En allar eiga þær rætur að rekja til einnar tungu. Dravída-tungurnar eru límingamál, sem kallað er, en það er í því fölgid, að atkvæðinum er bætt við röt orðsins alla vega, framan við, einhverstáfar inn í, eða á eftir röt orðinu, í stað þess að beygja orðin á vanalega málfræðisvísu. Indíána-málin í Ameríku eru einnig sögð límingamál. Dravídar voru af Mongólakyni, en hafa verið að blandast Kákasuskyninu síðan Ariar komu fyrst til Indlands.

Malaya-Polynesía tungur.

Þær eru talaðar í Eyjaálfunni og á Indlands-eyjum. Eru þær niunda grein tunganna. En þar með eru ekki allar tungur talda. Það eru til tungur, sem ekki hefir enn verið neinn kostur að komast fyrir um uppruna á. Til demis um það er Baskmálið. Það er talað í hliðum Pyreneafjallanna beggja vegna. Þeir, sem á það mæla, eru um 600,000 að tölu. Málfræðingar hafa ekki getað rakið skyldleika þessa máls til neinnar af tungum umhverfis það. — Hafa sumir getið til, að það væri elsta eða undirstöðumál hamítísku tunganna; aðrir, að það væri af Dravída-tungum komið; einnig hefir verið leitað af skyldleika þess við hin þrjú dauða mál (kriteysku og Lydiu-manna-tungu, sumversku og mál Elamíta), en ekki hafa menn verið ánægðir með neina af þessum ágizkunum. Loks er haldið, að það sé leifar af Kákasustungum fornna, og að baskmálið hafi verið fyrsta málið, sem talað var í Evrópu, en rymdi fyrir Ária-tungum nema aðeins í Pyreneafjöllum. Fyrstu Frakkar, sem til Canada fluttu, voru Baskar, og í þeim hlutum landsins, sem franska er töluð, eru mörg örnefni úr Baskamálinu. Í Argentínu og Bandaríkjunum hafa blöð verið prentuð á þessari tungu.

Hottentotta-málið í Suður-Afríku er talið skylt hamítísku tungum, þó bantú-málið hafi um skeið afskilið það frá móðurtungunni. Skógarmenn (Buskmenn) í Austur-Afríku, tala mál, sem talið er að einhverju leyti skylt Hottentotta-máli, og ráða menn af því, að Hamíta-tungan hafi eitt sinn verið töluð um alla Austur-Afríku.

A meðal annara eldri mála og af-skeltara er Papiatungan í Nýju Gíneu og mál hinna gömlu innfæddu Astralíumanna. Tasmaníumálið, sem nú er dauðt, þektu menn lítið. En það,

sem um það er kunnugt, styður það sem sagt er hér að framan um málamma á eldri steinöld.

Orsakirnar fyrir þessari flokkun tunganna.

Um það leyti sem þessar frumtungur, sem á hefir verið bent, verða til, virðist mega gera ráð fyrir að mannkynið hafi verið dreift orðið um alla jörðina. Hve langt er síðan, vita menn ógerla, en við hinu virðist mega búast, að fyrir h. u. b. 15,000 árum hafi aðal-mannflokkarnir, svo sem Ariar, Semítar, Hamítar, Kínverjar, Túranar og Vesturheimsmenn verið til sem sérstærir flokkar. Þeir hafa að líkindum verið á mjög svipuðu menningarstigi, hafa lifað hjárð-mannalífi og fylgt hjórðunum þangað, sem þær leituðu sér haga, en ekki haft fasta bústaði. En fjölli, skógar, höf og firfir hafa afskilið mannflokkana. Og því hafa tungur þeirra orðið svo ólíkar, sem raun er á. Þessir frum-mannflokkar hafa ekki verið fjölmennir. Þeir hafa hver um sig ef til vill ekki verið að tölu en Indíaanarnir í Hudsonsflóa-herðunum eru nú. Menn hafa í fyrstu verið eins fáséðir á jörðinni og apar nú eru. Á þeim tíma, sem hér um ræðir, var akuryrkja ekki byrjuð að ráði, en þegar hún byrjar fyrir alvöru, fara menn að hafa fasta bústaði. Og þá fjölga þeim öðum. — Fyrstu akuryrkjuþjóðirnar hafa við Miðjarðarhafið búið, og að líkindum í herðunum, sem nú eru undir sjó. En ennþá eldri en þessir áminstu mannflokkar voru, hafa skógarmenn í Afríku og á Indlandi verið. Mið-Afríka var þá öll skógi vaxin, og eru skógarnir í Kongó nú leifar af þeim skógi.

En yngst af öllum þessum frummálum er Malaya-Polynesía-tungan. — Mannflokkur sá, er hana talaði, var á herra menningarstigi en hinir eiginlegu Astralíumenn; sá flokkur, eða grein af honum, hefir að líkindum til Indlands lent.

Hugmyndir mannfæðingsins og málfræðingsins eru hinar sömu í öllum aðalatriðum um þessa frum-flokka mannkynsins. Að þeir hafi svo öldum skifir verið afskildir, dylst ekki. Á ísöldinni náði ísbreiðan suður í Mið-Evrópu, haldi mestan hluta Rússlands, og Norður-Asíu alla, suður að hálendinu í Mið-Asíu. Þá hafa mannflokkarnir að minsta kosti þar ekki haldist við. Eftir ísöldina hlýnaði þessi norðurhluti jarðarinnar mjög dræmt, og þar hefir um langt skeið ekki annað mannflokk verið en veiðimenn þeir, er smátt og smátt færðast austur á bóginn og lentu síðast yfir Beringssundið til Ameríku. Í Norður- og Mið-Evrópu og Asíu, hefir loftslagið ekki verið orðið nægilega heitt fyrir akuryrkju fyrir en löngu seinna, eða um 10,000 til 8000 árum f. K. Og á milli veiðimannsins og akuryrkjumannsins er tímabil mikilla, óbyggilegra skóga.

Á því tímabili var einnig votvífarsamt, enda er það regniöld kallað. Og því má ekki gleyma, að það hafa jafn vel á síðastliðnum 100 öldum orðið miklar breytingar á yfirborði jarðarinnar. Eftir ísöldina hefir að líkindum verið óslitinn sjór frá Caspíska-hafinu til Eystrasalts, eða yfir nestan hluta Rússlands í Evrópu, — Caspíska-hafið, Uralsjórinn og eyðimörkin í Túrkesku og Svartahafið, hefir þá verið eitt óslitið haf. Fjöll miklu hærri en þau eru nú um vest-



Fólksflutningur Til Canada

Sambandsstjórnin í Canada hefir fallið Canadian National Railways að vedja og flytja til Canada innflytjendur, sem æskilegt er að fá og sem hægt er að útvega hentugt jarðnæði.

Canadian National Railways, gefur þeim nauðsynleg skirteini, sem uppfylla skilyrði innflutningslaganna.

Til þess að tryggja það sem best, að allt gangi vel, gerði fólk af þessum þjóðflokkum vel í því, að ferðast með Canadian National Railway: Polish, Russians, Ukrainians, Roumanians, Hungarians, Austrians, Germans, Czech-Slovakians, Yugoslavians, Lithuanians, Latvians og Estonians.

Ef þú hefir frændur eða vini í Norðurálfu, sem þú vilt hjálpa til að koma til Canada, þá findu næsta umboðsmann Canadian National Railway's, eða skrifaðu á þínu eigin máli.

ALLOWAY & CHAMPLIN,

667 Main Street.

Winnipeg, Man.



SCANLON

\$25

Vér erum ávallt á undan með besta karlmannaþefni á .verði sem

Sparnaður við verðunina svo sem lág húsnæðislaða dýr búðargögn, ódýrar auglýsingar, peningaverðun, mikil umsetning, inn kaup í stórum stíl og lítill ágóði, gera oss mögulegt að selja á mikið lægra verði.

Vér skrumum ekki — Vör byggjum fyrir framtíðina. Komist og sjálf. Þér verðið ekkil fyrir vörðugum.

Scanlon & McComb

ÓDYRARI

BETRI KARLMANNAFÖT

357 PORTAGE AVENUE.

Winnipeg & Carlton.

PER SPARID MEIRA

ÓDYRARI

BETRI KARLMANNAFÖT

357 PORTAGE AVENUE.

Winnipeg & Carlton.

PER SPARID MEIRA

ÓDYRARI

BETRI KARLMANNAFÖT

357 PORTAGE AVENUE.

Winnipeg & Carlton.

PER SPARID MEIRA

ÓDYRARI

BETRI KARLMANNAFÖT

357 PORTAGE AVENUE.

Winnipeg & Carlton.

PER SPARID MEIRA

ÓDYRARI

BETRI KARLMANNAFÖT

357 PORTAGE AVENUE.

Winnipeg & Carlton.

PER SPARID MEIRA

ÓDYRARI

BETRI KARLMANNAFÖT

357 PORTAGE AVENUE.

Winnipeg & Carlton.

PER SPARID MEIRA

ÓDYRARI

BETRI KARLMANNAFÖT

357 PORTAGE AVENUE.

Winnipeg & Carlton.

PER SPARID MEIRA

ÓDYRARI

BETRI KARLMANNAFÖT

357 PORTAGE AVENUE.

Winnipeg & Carlton.

PER SPARID MEIRA

ÓDYRARI

BETRI KARLMANNAFÖT

357 PORTAGE AVENUE.

Winnipeg & Carlton.

PER SPARID MEIRA

ÓDYRARI

BETRI KARLMANNAFÖT

357 PORTAGE AVENUE.

Winnipeg & Carlton.

PER SPARID MEIRA

ÓDYRARI

BETRI KARLMANNAFÖT

357 PORTAGE AVENUE.

Winnipeg & Carlton.

PER SPARID MEIRA

ÓDYRARI

BETRI KARLMANNAFÖT

357 PORTAGE AVENUE.

Winnipeg & Carlton.

PER SPARID MEIRA

ÓDYRARI

BETRI KARLMANNAFÖT

357 PORTAGE AVENUE.

Winnipeg & Carlton.

PER SPARID MEIRA

ÓDYRARI

BETRI KARLMANNAFÖT

357 PORTAGE AVENUE.

Winnipeg & Carlton.

PER SPARID MEIRA

ÓDYRARI

BETRI KARLMANNAFÖT

357 PORTAGE AVENUE.

Winnipeg & Carlton.

PER SPARID MEIRA

ÓDYRARI

BETRI KARLMANNAFÖT

357 PORTAGE AVENUE.

Winnipeg & Carlton.

PER SPARID MEIRA

ÓDYRARI

BETRI KARLMANNAFÖT

357 PORTAGE AVENUE.

Winnipeg & Carlton.

PER SPARID MEIRA

ÓDYRARI

BETRI KARLMANNAFÖT

357 PORTAGE AVENUE.

Winnipeg & Carlton.

PER SPARID MEIRA

ÓDYRARI

BETRI KARLMANNAFÖT

357 PORTAGE AVENUE.

Winnipeg & Carlton.

PER SPARID MEIRA

ÓDYRARI

BETRI KARLMANNAFÖT

357 PORTAGE AVENUE.

Winnipeg &